

# Lög

## um breyting á lögum nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

---

### 1. gr.

Í stað orðanna „3.900 millj. kr. árið 2008, 2.000 millj. kr. árið 2009 og 2.000 millj. kr. árið 2010“ í a-lið 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 900 millj. kr. árið 2008, 3.000 millj. kr. árið 2009 og 4.000 millj. kr. árið 2010.

### 2. gr.

Í stað orðanna „1.500 millj. kr. árið 2008, 4.000 millj. kr. árið 2009, 4.000 millj. kr. árið 2010, 4.000 millj. kr. árið 2011 og 4.000 millj. kr. árið 2012“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: 800 millj. kr. árið 2008, 4.200 millj. kr. árið 2009, 4.200 millj. kr. árið 2010, 4.300 millj. kr. árið 2011 og 4.000 millj. kr. árið 2012.

### 3. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Fjárframlögin skiptast þannig milli ára að verja skal 300 millj. kr. til þessa verkefnis árið 2008 og 700 millj. kr. árið 2009.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 14. desember 2007.*